Annáll 20. aldar.

Gamanþáttur.

5 renningar.

3.

## Annáll 20. aldar

Landið fyrir miðja öldina var velmegun landsmanna meiri en svo, að þeir þyrfti haldið fullum sönsum. Aflabrögðin (einkum innanlands) á opna báta, vélbáta og togara voru svo óvenjuleg, að hin síðastnefndu skip seldu afla sinn til erlendra þjóða, sem þá voru stríðsaðilar í ógnastríði því, er þá geisaði um jörð vora alla, að heilar herdeildir voru afmáðar með öllu á vígvöllunum, eða sökkt-ar í tugþúsundatali í sjóinn, þegar börn og gamalmenni heima fyrir hrundu niður sem hráviði af hungri og vesöld. Þurftu hin vélknúðu skip landsmanna þá eigi annað en bregða sér út á miðin ~~fram~~ hálfsmánaðarskeið/ flytja afla sinn til „hins vinnandi verkalýðs" erlendis og koma heim úr „hálfsmánaðar-túr" hverjum með allt að hálfri milljón króna upp á vasann, þ. e. að segja, sem þeir urðu svo að „frysta" erlendis og fengu aldrei þaðan svo, að neinum gagni yrði.

Smærri bátarnir mokuðu aflanum upp að sínu leyti í sama land. Slógi öllu, hrognunum, þorskhausunum, kverksigum og kjömmunum fleygðu þeir fyrir hunda og manna fætur og hirtu aðeins roðflattan og hrygglausan fiskinn, en ef hirt hefðu, mátti selja það allt fyrir tugi þúsunda. Hinsvegar hirtu menn ekkert um þetta, en gengu með hendur í vösum og höfuðið

ekkert að.

Skattar og útsvör voru þá svo lág, að einstakl-
ingar guldu tugþúsundfaldar upphæðir við
það, sem áður þekktist meðal stærstu gróða-
fyrirtækja landsmanna. Þótt kvikningarvalla
frá lífeyrissjóðum og ríkis væri dagsettir á nýári
með ströngustu lögunum um lögtök, komu
þeir eigi til gjaldendanna fyrri en á miðju ári,
og þess vegna námu kröfurnar til innheimtu
þeirra væri framkvæmd en svo, að síðustu hinar
hörðu lögunum.

Matvæli flest, svo sem sykur, grænmeti, nýtt
o. þvíuml. var skammtað, nema Svartidauði,
rommi og Whisky, er selt var fyrir allt að 200 kr.
flaskan, enda var þá og títt, að kvenfólki eigi
síður en karlmönnum væri komið fyrir í „steininum“
að næturlagi, og oftast svo mörgum, að eigi var
hægt að hýsa þar nema helming tölu þeirra, er
ráðstafa þurfti.

Veizluhöld voru þá og svo mikil og megin-
mögnuð, að ætti þar gamla Babýlonar öfundi,
var nágrannaþjóðunum ásamt smalað saman til
hófsins, ásamt svo mörgum tilfellingum, sem
bílarnir komust yfir að flytja að og frá alla nóttina.
Töpuðust þá ýmsir mikilsverðir hlutir, svo sem
fjöldi hatta, frakka, nærbuxna og hnjáskjóla, svo, að
konur og karlar urðu að skríða heim eða staulast
„hálfir“ J

# Annáll 20. aldar

..... Svartidauði geisaði mjög og fórust þá af hans völdum fjöldi manns um land allt, enda voru þá allar aðrar lífsnauðsynjar manna skammtaðar. Ríkissjóður uppspansinn og erlend lán í óskilum.

Togari einn, er á veiðum var í 5 daga, fór utan og seldi afla sinn fyrir 18 þúsund pund; talið var það jafngilda hálfri miljón króna. Sumir bátar hirtu aðeins miðhluta fiskjarins, sauðflettu hann, en fleygðu öllu öðru, svo sem hrognum, kjömmum og kinnfiskunum, kverksigum og kútmögum. Sagt var, að þetta, ef hirt hefði verið, væri tugþúsunda króna virði; en engir menn og konur höfðu engan tíma til að hirða það, og gengu með hendur í vösum eða biðu eftir hársnyrtingu frá morgni til kvelds.

Skattar og útsvör voru heimtuð með hótunum um lögtök; reikningar yfir þau gjöld var gefinn út um áramótin og fengu gjaldendur þá að hálfu ári liðnu.

Fjártjóni miklu olli óáran sú, er fjöldi manna reið undan afmælis- fermingar- og ræðismanna veizlum og týndust þá margir hattar, frakkar, [illegible] og hnéstígvél kvenna, er auglýsa varð, sem óskilamuni en komust þó aldrei til skila, þrátt fyrir reglusemi allra og viðföngum, sem aðstandendur sýndu í hvívetna í veizlum þessum. Sjaldan mun þó vínföngin farið fram úr 25 þúsundum króna í einni veizlu,

Því allstaðar var mikillar sparsemi gætt
í neyzlu þeirra og gjöfum þeim, er afmælis-
barnið fékk. Það þótti óvegleg gjöf, ef hún
var ekki þúsund króna virði, en sæmileg
– og kannske þá getið í útvarpi –, ef hún var
5 eða 10 þúsund krónur.

Happdrætti mörg voru þá með meira móti;
margar kirkjur byggðar, en engin sjúkraskýli.
Þátttakendur í happdrættum fyrir kirkjum fengu
þá stundum einn vinning, þegar aðrir fengu
ekkert fyrir þátttöku sína í happdrætti há-
skólans, ár eftir ár.

Fimmhundruð króna seðlar komust þá í umferð,
og sykurseðlar margir, er einstakir menn gáfu
út, sér til hagnaðar og seldust þeir vel. Notuðu
þá lögfræðingar fjálkyngi sína – sumir hverir en
fáir – og kunnáttu til þess að búa þá til, enda lifðu
þeir margir árum áfengu í því og þessu öðru, er studdi
að velsæmi þeirra og ráðvendni.

Íþróttir blómguðust þá mjög og mörg „nýmet“ voru
þá sett af þeim sem hlaupið gátu lengd sína, en
er meira var, fylgdi því bikar einn, er varða
skyldi eign sigurvegarans alla æfi hans eða um
fimm ára skeið. Hannyrðir voru þá og verðlaunað-
ar af keppendum lagðist þá mikil þraut, að
smíða stétt í öðru enda stranda sinnar. Vel
smíðað langspilin eða að binda bækur, þótti ekki
sýningarhæf smíði eða verðlaunavert.

Skemmtanir voru bæði góðar og miklar og því betri,
sem þær voru utan alls velsæmis og sem eigi
byrjuðu fyrr en um miðnætti. Skopleikirnir
(Revíurnar) þóttu þó bera af öllum öðrum, því þær

voru framsamdar – og einnig leikritin – af
vistmönnum Kleppsspítalans, er þar áttu
helst að vera.
Skáldskapur allur var þá og enn þá í lofti og
menn til þess fengnir að kveða hann niður
í útvarpi, einkum í barnatímum af yfir-
fróðra kennarastéttarinnar enda nægði ekki til þess
að kenna börnunum sömu meðferð á þjóðarfarsta
þjóðinni, sem Grettir hafði við kerlingu sína
forðum, er hann risti hryggilengju hennar
framan frá hnakka aftur á lend og reif og sleit
endilöngu. Þótti þetta í betra samræmi
við aðra fræðslu sem ætluð var þjóðinni til handa,
og sú hin hógværð og lítillæti skáldskaparins
fyrir því, að börnin fengi nóga fræðslu í þessu efni og
að ennþá um önnur efni kæmist þar eigi að, –
nema útvarpssagan og hinar háðslegu vísur, er
hann samdi sjálfur – og hnoðaði saman – um
sjálfan sig og sögurnar.
Leikrit útvarpsins voru og af sama toga spunnin
og mátti það eitt um þau segja, eins og K. N. kvað um
kýrnar, sem rifust mest, að „þau höfðu bara hátt“
Stórskálda nafnbótin varð og varð um þessar
mundir, er orðin sérfróð og sögupatti; en sökum
þess, að þau voru í öllum fengu þau eigi komið
lést sinni svo vel fyrir, að nafnbót þetti eigi það varið
og kostaði þó aðgöngumiðinn eigi meira en 60 krónur
fyrir hvern einstakan áhorfanda. Sala miðanna var
aldrei opnuð og seldust þeir upp, eins og bollapör Morgun-
blaðsins, 24 þúsundir talsins, á einum klukkutíma. Þó
þó nafnbót sú væri miklu ódýrari þessari þegar að fyrstu sýningu
lokinni svo, að enginn vildi kaupa. Þótti blaðinu
bæjarins þetta sýna skilningsleysi mikið og menntunar-
skort bæjarmanna, er svo mikils fórn á væri við að
vilja eigi horfa á annað eins genseni, sem skáld-
skapur þennan.